

II. VIÐAUKI

| EB-nr.             | Aukefni   | Efnaformúla, lýsing                          | Tegund eða flokkur dýra | Hámarksaldur | Lágmarks-        | Hámarks- | Önnur ákvæði  | Leyfi rennur út |
|--------------------|-----------|--|-------------------------|--------------|------------------|----------|---|-----------------|
|                    |           |  |                         |              | innihald         | innihald |   |                 |
|                    |           |  |                         |              | mg/kg heilföðurs |          |   |                 |
| <b>Sýrustillar</b> |           |  |                         |              |                  |          |   |                 |
| E210               | Bensósýra | C <sub>7</sub> H <sub>6</sub> O <sub>2</sub> | Eldissvín               | —            | 5000             | 10000    | <p>Í notkunarleiðbeiningum skal tilgreina eftirfarandi:</p> <p>„Óheimilt er að gefa eldissvínnum fôðurbæti sem inniheldur bensósýru einan og sér“</p> <p>„Varðandi öryggi notenda: gripa skal til ráðstafana til að tryggja að aukefnið gefi frá sér eins lítið ryk, sem hægt er að anda að sér, og mögulegt er. Öryggisblað er fánlegt.“</p> | Án tíma-marka   |

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 785/2007

2010/EES/32/17

frá 4. júlí 2007

um að leyfa 6-fýtasa EC 3.1.3.26 (Phyzyme XP 5000G Phyzyme XP 5000L) sem aukefni í föðri (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í föður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir efnablöndunni sem tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun efnablöndunnar 6-fýtasa EC 3.1.3.26, framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233) (Phyzyme XP 5000G Phyzyme XP 5000L), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem aukefni í föðri fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, aliendur, smágrísi (sem búið er að venja undan), eldisvín og gyltur.
- 4) Notkun 6-fýtasa EC 3.1.3.26, sem er framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233), var leyfð án tímamarka fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1743/2006 <sup>(2)</sup>.

- 5) Lögð voru fram ný gögn til stuðnings umsókn um leyfi fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, aligæsir, smágrísi (sem búið er að venja undan), eldisvín og gyltur. Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „stofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 17. október 2006 að efnablöndan 6-fýtasi EC 3.1.3.26, framleiddur með *Schizosaccharomyces pombe* (ATCC 5233) (Phyzyme XP 5000G Phyzyme XP 5000L), hafi ekki skaðleg áhrif á heilsu dýra, manna eða umhverfið <sup>(3)</sup>. Hún komst enn fremur að þeirri niðurstöðu að efnablöndan feli ekki í sér aðra áhættu sem kemur í veg fyrir leyfisveitingu í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Samkvæmt því álitinu hefur notkun efnablöndunnar ekki skaðleg áhrif á þessa nýju dýraflokka. Í álitinu stofnunarinnar er mælt með viðeigandi ráðstöfunum er varða öryggi notenda. Hún telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina aukefni í föðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Mat á efnablöndunni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, hafa verið uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Efnablöndan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „melttarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í föðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 175, 5.7.2007, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2008 frá 14. mars 2008 um breytingu I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 42, 10.7.2008, bls. 1.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 329, 25.11.2006, bls. 16.

<sup>(3)</sup> Álit vísindanefndar um aukefni og afurðir eða efni sem eru notuð í föðrum um öryggi og verkuð ensimblöndunnar Phyzyme™ XP 5000L og Phyzyme™ XP 5000G sem aukefni í föðri fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna, varphænur, aliendur, smágrísi (sem búið er að venja undan), eldisvín og gyltur í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1831/2003. Samþykkt 17. október 2006. Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2006) 404, bls. 1.